

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08 Dags.: 30.08.2011 Höfundur: HRS Samþykkt: SHJ Síða 1 af 2	Sálfræði 303(SÁL 3036) Kennsluáætlun – Vor 2013	

Kennari	Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir	FRS
---------	-----------------------------------	-----

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að efla skilning nemenda á annars vegar almennu geðheilbrigði og hins vegar á geðröskunum. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist hæfni til að fá innsýn í eigin geðheilsu og annarra, bjargráð verða skoðuð sem og aðrar varnir gegn streitu og vanlíðan. Megináhersla verður lögð á umræðu um geðheilbrigði og teknir fyrir algengustu flokkar geðrænna vandamála. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði. Einnig verða viðhorf gagnvart geðsjúkdómum rædd til þess að ýta undir skilning, virðingu og umburðarlyndi gagnvart einstaklingum sem glíma við geðræn vandamál. Streita og kvíði og allt er varðar þessa þætti verður tekið ýtarlega fyrir og skoðað útfra einstakling og samfélagi. Flokkunarkerfi geðraskana verður kynnt. Áfallastreituröskun, orsakir og afleiðingar hennar verða skoðaðar. Nemendur koma til með að gera heimildaritgerð, og taka viðtal (nánar útskýrt hjá kennara).

Áfangamarkmið:

Að auka þekkingu og skilning nemenda á streitu og kvíða í daglegu lífi, einkenni og bjargráð.

- Að vekja nemendur til vitundar um geðheilbrigði, geðshræringar, tilfinningasveiflur og leiðir til að viðhalda góðri geðheilsu.
- Að auka þekkingu nemenda á geðrænum kvillum og sjúkdómum, orsökum þeirra, einkennum, afleiðingum og meðferðum.
- Að vekja nemendur til umhugsunar um aðstæður þeirra sem glíma við geðræna kvilla, sem og lífsgæði og fordóma gagnvart fólk með geðræn vandamál.
- Að nemendur kynnist flokkunarkerfum geðraskana.
- Að nemendur þekki helstu meðferðarförum sem notuð er í dag, og þá sérstaklega þau sem notuð eru á Íslandi.
- Að nemendur geti gert heildstæða fræðilega ritgerð, samkvæmt APA heimildaskráningarkerfi því sem notað er innan sálfræðinnar og kynnt efni hennar fyrir samnemendum sínum.

Nr.: GAT-045
Utgáfa: 08
Dags.: 30.08.2011
Höfundur: HRS
Samþykkt: SHJ
Síða 2 af 2

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Sálfræði 303(SÁL 3036)
Kennsluáætlun – Vor 2013



Námsgögn:

Námsefni, eða tilvísanir í það (vefsíður og tímaritsgreinar) verður aðgengilegt á Moodlesvæði áfangans. Kennari mun vísa nemendum á þetta efni eftir þörfum.

- Greinar á vefnum sem tengjast efnisumfjölluninni.
- Verkefni, glærur, glósur og annað efni frá kennara.


Áætlun um yfirferð – birt með fyrirvara um breytingar


Vika	Viðfangsefni	Námsmat og vægi
2 vika	Kennsluáætlun og kynning á sálfræðinni	
3 – 5 vika	Streita, heilsa og úrræði við streitu	Verkefni 10 %
6 vika	Kynning á heimildaritgerð og viðtali	Viðtal 10 %
7 – 8 vika	Flokkunarkerfi geðraskana	
9 – 11 vika	Helstu flokkar geðraskana	Próf úr efni vikna 7 – 11 20 %
12 vika	Heimildaritgerð – kynningar og skil	Heimildaritgerð 30 %
14 - 15 vika	Sálfræði meðferðir	Próf 15 %
16 vika	Áfallastreituröskun	5 %

Mæting og virkni í tímum gildir 10 % af lokaeinkun.

Kennsluáætlun þessi er gerð eftir minni bestu visku og birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 6/1 2013


Jóhanna Sigrún Þórssdóttir
kennari


Þórdís Ármundar
Brautarstj., fagstj eða staðgengill